Papeyjardýrið

Kristján Eldjárn

Í fyrstu Mósebók segir að guð skapaði okkar fyrstu foreldra og bauð þeim að vera frjósöm og margfaldast og uppfylla jörðina og gjöra sér hana undirgefna.

Þessu guðlega boði hefur mannkynið hlýtt svikalaust. Smám saman hefur landnámshugurinn sigrast á hverri hindrun. En til eru byggileg lönd, sem þurftu að bíða þess aldir og árþúsundir að mannlegir fætur stigju þar á grund, af því að enginn mennskur maður vissi að þau væru til og engin sköpuð ráð voru til að yfirstíga farartálma náttúrunnar á leiðinni þangað. Einkanlega á þetta við um eyjar í úthafinu, eins og Færeyjar og Ísland. Þessi lönd voru byggileg og tilbúin að taka á móti mönnum árþúsundum saman, en þeir komu ekki fyrr en norskir forfeður okkar voru komnir upp á lag með að smíða svo haffær skip að þeim væri fært að finna og síðan byggja löndin. Og það er næstum því ótrúlega stutt síðan þetta gerðist. Aðeins ellefu eða tólf aldir, eitt eilífðar smáblóm. Fá lönd í veröldinni allri hafa byggst eins seint og Ísland og Færeyjar. Það skyldu þá vera Grænhöfðaeyjar og sumar pólýnesísku eyjarnar. Við eigum í raun réttri ekki neinn forsögulegan tíma. Og hvað eiga forsögufræðingar (fornleifafræðingar) að gera í forsögulausum löndum?

Jú, þeir geta látið sig dreyma og rannsakað svo draumana. Við höfum lengi haft þann draum eða grun, að lönd okkar hafi fundist af Bretlandseyjum áður en sögur hófust og einhverjir menn þaðan (líklega keltneskir) hafi hafst þar við, kannski stuttan tíma, kannski lengi, áður en Norðmenn byggðu löndin og vígðu þau til hins norræna menningarsamfélags. Þessi draumur er ekki nýr af nálinni,

og ef til vill er í honum einhver snertur af veruleika vökunnar. Færeyingar hafa sína Skúvoyarsteina, 8 eða 10 talsins eða hver veit hvað, og við Íslendingar höfum 45 orð Ara fróða (að öllum smáorðum meðtöldum) um papa sem voru hér á landi þegar Norðmenn komu. Í Færeyjum er Papurshálsur og Paparökur, og á Íslandi er Papey og Papýli. Er þetta kannski ekki eitthvað meira en draumar? Vel má það vera. Og sjálfsagt er að rannsaka það allt. Hér verður þó engin tilraun gerð til slíks. Þessi prologus er eingöngu sprottinn af tilhugsuninni um Papey. Ætlunin er aðeins að segja frá yfirlætislausum smáhlut, sem fannst þar í eynni fyrir nokkrum árum og ekki hefur áður komið fyrir almennings sjónir. Hver veit nema einhver hafi gaman af honum eins og ég. Og nú skal ég reyna að halda mér við jörðina. Ved jorden at blive det tjener os bedst, sagði skáldið, og það á við fornleifafræðingana, í bókstaflegum skilningi.

* * *

Papey liggur úti fyrir suðausturströnd Íslands og munu vera um 6 km milli lands og eyjar, heldur óhrein siglingaleið, sker mörg og boðar, og straumar varhugaverðir. Í Papey er úrkomusamt og þokuríki mikið, austfjarðaþoka, en gróður er þar blómlegur og bjargræði mikið af fugli og fiski, enda var þar löngum stórbýli áður fyrri og urðu margir Papeyjarbændur ríkir menn. Nú er eyjan að heita má í eyði, nema hvað síðasti bóndinn Gústaf Gíslason og systir hans, Sigríður Gísladóttir, hafast þar við um hásumarið til þess að hirða æðardún og veiða lunda. Hjá þeim gestrisnu Papeyjarsystkinum hef ég átt gott atlæti þau þrjú sumur sem ég hef verið þar í stuttri dvöl til þess að reyna að gera mér skynsamlega grein fyrir þeim mannaminjum, sem finnast kunna í þessari nafnfrægu ey. Og engir kunna betri skil á örnefnum og staðfræði eyjarinnar en þau.

Ég var í Papey sumurin 1967, 1969 og 1971, en því miður entist mér ekki tími til að ljúka verki mínu. Austfjarðaþokan átti nokkra sök á því. Vonandi auðnast mér þó enn að leiða rannsóknir mínar til lykta.

Fyrsta sumarið vísaði Gústaf okkur á grónar rústir vestarlega á eynni, sem kallast *Goðatættur*. Í fljótu bragði virðist það vera forn-

legt nafn og vekur hugboð um heiðna hætti. Varlega skyldi þó treysta slíku. Ég gleymi því aldrei þegar við komum fyrst að Goðatættum sumarið 1967. Það gerðist nefnilega þá, sem fleiri dæmi eru um, að athyglisverðasti forngripurinn í langtíma rannsókn kemur upp í fyrstu rekustungunni. Gústaf var með reku í hendinni, og við ætluðum aðeins að gera litla prufuholu, því við vorum komnir í tímaþrot það sumarið. Og viti menn! Gústaf dustar úr fyrsta hnausnum og grípur upp úr moldinni smáhlut og réttir mér. Ég sé óðara að á þessu er eitthvert sérkennilegt krot, hugsa með mér papar, papar, hleyp í vatnspoll, sem þar var nærri og skola moldina af. Ónei, þetta var ekkert papaverk, það sá ég strax, en ég sá einnig, að þetta var mjög óvenjulegur hlutur, svo að ég hafði aldrei séð annan eins, hvorki á Íslandi né annars staðar. Og allir hugsuðum við það sama, að í þessum tóftum mundum við finna marga góða og skemmtilega hluti, úr því þessi kom svo að segja sjálfkrafa upp í hendurnar á okkur að ógröfnu. Það fór þó nokkuð á annan veg.

Við rannsökuðum Goðatættur 1969 og að nokkru 1971. Það kom í ljós, að þarna hafði verið bær á söguöld, og munu þá líklega hafa verið tveir bæir í Papey, þótt aðeins hafi verið einn svo lengi sem menn vita til. Við fundum lítinn en mjög dæmigerðan víkingaaldarskála og talsvert stórt fjós. Þessar húsatóftir eru að sjálfsögðu mjög merkar og ágæt viðbót við það sem við vitum um húsagerð frumbyggjanna á Íslandi. Þetta er aðalatriðið, en auk þess fundum við marga smáhluti, meðal annars nokkra sem tóku af öll tvímæli um að þessar rústir eru frá 10. öld. Allir voru þeir sambærilegir við áður vel þekkta hluti, góðir hversdagslegir smáhlutir, allir nema sá eini, sem Gústaf kom upp með á fyrstu rekunni. Hann einn var verulega forvitnilegur, en að vísu sór hann sig einnig í ætt til 10. aldar eins og annað á þessum stað. Kolefnisgreining hefur einnig staðfest þessa tímasetningu. En víkjum nú nánar að hinum sérkennilega smáhlut.

Hluturinn frá Papey er úr mjög þéttum og fínkornóttum rauðum leirsteini af þeirri tegund, sem víða sést eins og rauðar rendur milli berglaga í fjöllum austanlands. Hann er aflangt sporöskjulagaður, 8,5 cm á lengd, 2,8 cm á breidd um miðju, mest 1,2 cm á þykkt, fallega kúptur til allra hliða öðrum megin, sem kalla mætti ofan á,



Ljósmyndir af báðum hliðum hlutarins frá Papey. 1 : 1. — Ljósmynd: Gísli Gestsson.



Efst er uppdráttur af Papeyjardýrinu, þá deplarnir á kúptu baki hlutarins, neðst sér á hlið og enda hans. Teikning: Stefán Örn Stefánsson.

en að sama skapi innbjúgur á hinni hliðinni, sem kalla má neðan á. Í heild sinni minnir lögunin helst á laxveiðispón. Nær báðum endum eru snyrtilega gerð kringlótt göt, um 6 mm í þvermál. Engin slitmerki sjást í götunum, og mundi þó fljótt sjá á ekki harðari steini ef bönd hefðu verið dregin í þau. Á kúptu hliðinni, eða ofan á, er einfalt en laglegt skrautverk, sem samanstendur af eintómum stungnum deplum. Eftir kúpunni endilangri er röð af 8 deplum, sem eru smæstir í miðjunni, en fara síðan stækkandi til gatanna, sem binda enda á röðina til beggja enda. Við þetta fá götin sjálf eins konar skrautrænt gildi. Þvert yfir miðja kúpuna eru einnig stungnir deplar, smærri en hinir, 4 hvorum megin. Með þessu mynda deplaraðirnar þvers og langs einskonar kross ofan á kúptu baki hlutarins. Auk þess eru svo deplar sinn hvorum megin við næstneðsta depil þverálmanna, svo að á þann hátt myndast deplakrossar á báðum hliðum kúpunnar.

Krotið neðan á hlutnum, á lítið eitt íhvolfum fleti, er hugtækara en deplarnir ofan á. Þetta er laust rissuð mynd af dýri með sveigðan búk, uppundinn hala, einn framfót og einn afturfót, þrjú smástrik til að tákna makkann, aftursveigðan háls, svo að granir og kjaftur með tönnum snúa beint upp, en aftur af auga er mikill hnakkatoppur, sem liggur niður á bakvið búkinn langt niður fyrir kvið, sveigist síðan upp fyrir framan dýrið, upp yfir hrygginn og er þar brugðið í tvær stórar lykkjur.

Rétt er að taka hér fram, að einhverntíma hefur verið tálgaður aukaflötur í brún hlutarins neðan á líkt og af rælni, og er þetta annaðhvort smíðamistök eða seinni skemmd, en greinilega hefur myndin af dýrinu verið krotuð eftir að þessi aukaflötur var tálgaður, því að frampartur þess nær út á hann. Það er því hugsanlegt að dýrsmyndin sé ekki upphafleg á hlutnum, heldur hafi verið rist seinna, eftir að búið var að skemma hann með því að tálga þennan aukaflöt. En hitt getur líka verið, að aukaflöturinn sé smíðagalli frá upphafi, þótt ekki sé það alls kostar sennilegt um svo vandaðan hlut. Úr þessu verður nú tæpast skorið, en það má sem sagt hafa í huga, að einhver lítilsháttar aldursmunur gæti verið á hlutnum sjálfum og dýrsmyndinni á honum.

Hvaðan úr heimi skyldi nú þetta undarlega Papeyjardýr vera kynjað? Er það kannski skoffín eða skuggabaldur úr íslenskri þjóðtrú? Ekki mun svo. Þótt ónáttúrlegt sé — eða kannski vegna þess hvernig það er ónáttúrlegt — sver það sig til ættar svo að ekki verður um villst. Þetta er enn ein útgáfa af kynjadýrinu, sem er uppistaða í mörgu skrautverki í Jalangur/Mammen-stíl víkingaaldar. Nefna má nokkur einkenni, t. d. sveigðan búk, sem endar í uppundningi (spíral), fæturna tvo (en ekki fjóra, eins og ef til vill mætti vænta), afturreigðan haus með gapandi gini og tönnum, og síðast en ekki síst hnakkatoppinn, sem undið er og brugðið að vild listamannsins. Allt virðast þetta vera svo augljós ættarmerki, að ekki taki því að hafa um það mörg orð, og það alveg eins fyrir því þótt þetta laust krotaða dýr vanti sitt af hverju sem það ætti helst að hafa, til dæmis innri útlínu. Til samanburðar skal hér minnt á fáein vel þekkt verk, og er hendi næst að leita til góðrar bókar eftir vini vora, D. M. Wilson og O. Klindt-Jensen: Viking Art, London 1966. Ágæt dæmi eru dýrin á steinkrossunum tveimur frá Kirk Braddan á eynni Mön, Oddssteini og Þorleifssteini, sem báðir eru sennilega eftir sama mann (Viking Art Pl. XLV a og Fig. 52, bls. 113) og dýrin á hringnæluhausum nokkrum, svokölluðum þistilnælum, í silfurfundinum mikla frá Skaill í Orkneyjum (Viking Art Fig. 53, bls. 115). Auk þeirra Wilsons og Klindt-Jensens hefur J. A. Graham-Campbell skrifað um dýrin á þessum næluhausum, og sérstaklega er dýrið á þeim hausnum, sem hann kallar IL7, framúrskarandi gott til samanburðar við Papeyjardýrið, ekki síst dýrshöfuðið (J. A. Graham-Campbell: The Viking-age silver and gold hoards of Scandinavian character from Scotland, Proceedings of the Society of Antiquaries of Scotland, Vol. 107 Session 1975—76, uppdrættir á bls. 120). Miklu fleiri verk mætti nefna og reyndar yrði seint upp talið. Þó skal staðar numið að öðru en því, að jafnvel á hinum frægu skrínum frá Bamberg og Cammin má sjá dýr, sem greinilega eru í ætt við Papeyjardýrið.

Ef til vill þykir einhverjum það firna langt gengið að bera Papeyjardýrið litla saman við verk, sem teljast meðal tindanna í list víkingaaldar. Tignarmunur er vissulega mjög mikill, en engu að síður er Papeyjardýrið litli bróðir hinna göfugu og háþróuðu vík-

ingaaldardýra, sem til var vitnað. Í fræðiritum eru þessi verk sum kennd við Jalangursstíl og sum við Mammen-stíl. Þarna er mjótt á milli, eins og kunnugt er, og sumir telja jafnvel varla réttlætanlegt að greina þetta sundur í tvö stílafbrigði. Það er eins og á það er litið. Vel má vera, að Papeyjardýrið yrði fremur kallað Mammendýr en Jalangursdýr, en ég leiði minn hest hjá að fara út í slíka sálma. Ég læt nægja að kalla það dýr af ætt Jalangurs/Mammenlistarinnar. Ég tel einnig óvarlegt að ætla sér að fullyrða mjög nákvæmlega um tímasetningu. Skaill-silfrið var lagt í jörð um 950, og ég sé ekkert því til fyrirstöðu, að Papeyjardýrið sé frá svipuðum tíma, miðri 10. öld, en gæti vel verið frá seinni hluta aldarinnar. Yngra held ég alls ekki að það sé.

Papeyjardýrið er ekki annað en einfalt riss með hnífsoddi, eins konar graffiti. Sennilega hefur það ekki þegar í stað verið rist á þennan hlut, og vel er hugsanlegt að annar maður en sá, sem tálgaði hann, hafi gert rissið. En hvort heldur sem er, hefur listamaðurinn séð þennan slétta flöt milli gatanna, gripið hníf sinn og skellt skyndimynd haganlega niður á flötinn. Sambærilegt riss er dýrið á öskjuloki úr Oseberg-skipinu (Viking Art Pl. XIX), víkingaflotinn á spýtu frá Björgvinjarbryggju (sjá t. d. Viking 1974, bls. 11 og 12) og Jalangursdýrið aftan á silfurnælunni frá Sandmúla (Árbók hins íslenska fornleifafélags 1937—39, IV. myndbl. andspænis bls. 17). Þetta eru allt augnabliksins börn. Slíku má líkja við stöku sem hagmæltur maður varpar fram. Ekki hvarflar að honum að hann sé að skapa listaverk. En stökuna getur hann þó ekki ort nema hann kunni rímreglurnar, og helst að hann hafi þær í blóðinu. Hið sama hafa þessir rissarar einnig kunnað á sínu sviði, myndlistinni. Sá sem getur ort rétt kveðna stöku, getur líka ort langt kvæði formrétt. Sá sem gat rissað Papeyjardýrið hefði einnig getað gert stórt verk í Jalangurs/Mammen stíl. Þar með er ekki sagt, að hann hefði getað gert mikið listaverk. Það veit enginn. En hann hefur verið heima í stílnum, hann hefur haft hann í blóðinu. Þess vegna ber litla dýrið úr Papey okkur milliliðalaus boð úr hugarheimi 10. aldar.

Að lokum: Hvers konar hlutur er þetta annars, sem dýrið er rissað á? Í fljótu bragði virðist svarið vera einfalt, að þetta muni vera sakka. En hér er á hængur. Margar sökkur eru til frá víkinga-



Skrautverk á hringnælum frá Skaill í Orkneyjum, forláta verk sem þó er náskylt rissaða dýrinu frá Papey. — Hér tekið eftir Viking Art.

öld í Noregi, ýmist úr blýi eða klébergi (Jan Petersen: Vikingetidens redskaper, Oslo 1951), blýsökkurnar »flate eller svakt konkave på den ene bredside, sterkt hvelvede eller kjølformet på den anden side« (bls. 274), klébergssökkurnar »svakt krummet i lengderetningen« (bls. 272). Sjá einnig dæmi um norskar sökkur frá Kaupangi í Viking 1969, bls. 19, fig. 7. Ein blýsakka hefur fundist í víkingaaldargröf á Íslandi (K. Eldjárn: Kuml og haugfé, Akureyri 1956, 167. mynd, bls. 351). Hún er dálítið íbogin. Eflaust þekkjast víðar sökkur frá víkingaöld. En í stuttu máli sagt hef ég ekki rekist á neina, sem er eins og hluturinn frá Papey. Og raunveruleg sakka getur hann ekki verið. Til þess er hann allt of léttur (26 g) og einkum allt of veikburða, því hann er gerður úr leirsteini, sem lítið álag þolir (auk þess eru hvorki laxár né silungsár í Papey, og engum dettur víst í hug, að smáhlutur þessi eigi nokkuð skylt við fiskveiðar í sjó). Samt er líkingin við sökku svo mikil, að það getur ekki verið tilviljun, til dæmis er hluturinn íbjúgur eins og margar víkingaaldarsökkurnar. Ég held, að þetta sé eftirlíking af raunveru-

legri sökku. Einhver hefur gert sér það til gamans að tálga sökkulíki í þennan litfagra eftirláta leirstein, ef til vill sem leikfang handa drengnum sínum. Og leikföng eru til þess að leika sér að en ekki til nota í lífsbaráttunni. Betri skýringu hef ég ekki, en taka mun ég með þökkum bendingum góðra manna, sem greinarkorn þetta lesa, til dæmis frá þeim vini vorum sem það er helgað með hamingjuóskum.

Papeyjarhluturinn með dýri sínu gefur enga bendingu um, að mennirnir hafi byrjað að uppfylla Ísland fyrr en fornar sögur vorar herma. Ennþá veit ég um engan hlut, sem það gerir. Þó er sjálfsagt að taka því með opnum huga ef slíkt skyldi, þrátt fyrir allt, einhverntíma koma á daginn eins og sumir virðast telja líklegt. Fornleifafræðingar hafa næg verkefni á Íslandi og í Færeyjum, þótt aldrei nema þessi lönd hafi byggst síðast allra í víðri veröld og eigi tæpast neina forsögu.

SUMMARY

The core of this paper is a first presentation of a somewhat enigmatic object, found in 1967, on the small island of Papey off the southeast coast of Iceland. The object came to light during an excavation (yet unpublished) of what proved to be a 10th century farm site, a fact well established by the nature of the buildings and the objects found, inclusive the one dealt with here, as well as C-14 tests.

The object is neatly cut from reddish tuff, abundantly available in the mountains on the mainland nearest to the island. It is regularly oval, convex on one side and slightly concave on the other, 8.5 cm long, 2.8 cm wide in the middle, and 1.2 cm thick where it is thickest. Near both ends there are neatly drilled holes, connected by a row of drilled dots running along the top of the object. Similar dots also run across the object. As a whole the dots on the convex side seem to be deliberately so arranged that they form three crosses, one big and two small. On the concave side there is a lightly incised picture of an animal, a biped with a curved body, a spiral tail, and a long head-lappet or pigtail, which winds in big slings round the body. The animal is easily recognizable as belonging to the large group of animals on objects decorated in the Jellinge/Mammen style of the 10th century, although it lacks a good many of its well-known features (e. g. the double contour) because of its sketchy character. The author finds it adequate to characterize the picture as an offhand sketch, and compares it to an improvised ditty, made on the spur of the moment. Neither the carver

of a sketch like this, nor the author of such an improvisation, are likely to have looked upon their work as a serious work of art, but for both it was equally necessary to be well versed in the intricate rules without which they would not have been able to create their respective playful products.

What *is* the Papey object? Obviously, the immediate answer is a *sinker*. But the object is far too light and fragile to have been used as such. The best explanation seems to be that the soft coloured material tempted somebody to cut out the object in the form of a sinker, well knowing that it could not be put to practical use. Was the islandman perhaps making a toy for his little son?